

Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu
02 361

Ársreikningur 2023

Efnisyfirlit

Bls.

Skýrsla og áritun forstöðumanns	2
Yfirlit um afkomu ársins	3
Efnahagsreikningur	4
Sjóðstreymisfirlit	5
Yfirlit um fjárveitingar eftir fjárhildaliðum	6
Skýringar	7

Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu

kt. 4910872509

Nýheimum, 780 Höfn í Hornafirði

Skýrsla og áritun forstöðumanns

Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu er ríkisaðili í A1-hluta ríkissjóðs. Skólinn er framhaldsskóli. Býður bæði upp á bóknám og verknám.

Starfsemin fellur undir málefnaði 20 og málaflokk 10 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2023 var ársveltan kr. 325,0 milljónir og afkoma kr. -59,0 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. -94,6 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 26,5 milljónir.

Starfsemin á árinu 2023 byggir á heimildum í fjárlögum og fjáraukalögum fyrir árið 2023. Yfirlit um stöðu fjárveitinga og breytingar ársins er á bls. 6.

Það er álit mitt að ársreikningur 2023 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Framhaldsskólans í Austur-Skaftafellssýslu fyrir árið 2023 með rafrænni undirritun sinni.

Lind D. Völundardóttir,
skólameistari

(undirritað rafrænt)

Yfirlit um afkomu ársins 2023

	Skýr	2023	2022
Tekjur			
Tekjufærsla fjárveitinga	2	294.207.078	354.540.000
Seld þjónusta	3	11.857.076	9.230.474
Framlög og ýmsar tekjur	4	11.203.518	4.074.040
Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður		38.025	8.693
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	2	7.706.219	7.035.528
Tekjur samtals		325.011.916	374.888.735
Gjöld			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður	5	308.498.558	293.608.685
Annar rekstrarkostnaður	6	67.755.406	64.209.972
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap		38.179	146.314
Afskriftir og niðurfærslur	7	7.706.219	7.035.528
Gjöld samtals		383.998.362	365.000.499
Afkoma ársins		(58.986.446)	9.888.236

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2023

	Skýr	31.12.2023	31.12.2022
Eignir			
Handbært fé	8	2.684.007	17.025.962
Viðskiptakröfur		32.718	0
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður		211.519	208.313
Varanlegir rekstrarfjármunir	10	23.608.318	27.127.777
Eignir samtals		26.536.562	44.362.052
Skuldir			
Tengdir aðilar	9	89.550.573	55.506.783
Viðskiptaskuldir		3.061.551	4.315.461
Ýmsar skammtímaskuldir	11	17.096.354	6.019.059
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda	12	11.400.142	14.106.361
Skuldir samtals		121.108.620	79.947.664
Eignir samtals að frádegnum skuldum samtals		(94.572.058)	(35.585.612)
Eigið fé			
Hrein eign	13	(94.572.058)	(35.585.612)
Eigið fé samtals		(94.572.058)	(35.585.612)
Eigið fé og skuldir samtals		26.536.562	44.362.052
Aðrar upplýsingar	14		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

Sjóðstreymisyfirlit ársins 2023

	Skýr	2023	2022
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins		(58.986.446)	9.888.236
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárvægi:			
Afskriftir	7	7.706.219	7.035.528
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára		(7.706.219)	(7.035.528)
		<hr/>	<hr/>
(58.986.446)		9.888.236	
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur		(35.924)	(29.020)
Tengdir aðilar		34.857.030	3.698.787
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		9.823.385	2.385.645
		<hr/>	<hr/>
44.644.491		6.055.412	
		<hr/>	<hr/>
Handbært fé frá rekstri		(14.341.955)	15.943.648
Fjárfestingarhreyfingar			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna	10	(4.186.760)	(5.761.235)
		<hr/>	<hr/>
(4.186.760)		(5.761.235)	
Fjármögnunarhreyfingar			
Tengdir aðilar		0	1.261.235
Fjárfestingarfamlag		4.186.760	4.500.000
		<hr/>	<hr/>
4.186.760		5.761.235	
Hækkun (lækkun) á handbæru fé			
Handbært fé í byrjun árs		(14.341.955)	15.943.648
		<hr/>	<hr/>
17.025.962		1.082.314	
		<hr/>	<hr/>
Handbært fé í árslok		2.684.007	17.025.962
		<hr/>	<hr/>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.

Yfirlit um fjárveitingar eftir fjárheimildaliðum

	Fjárveiting til rekstrar	Fjárveiting til fjárfestinga	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum 2023	263.100.000	5.000.000	268.100.000
Fjárveiting skv. fjárlögum og fjáraukalögum	263.100.000	5.000.000	268.100.000
Millifærslur og aðrar breytingar fjárheimilda			
Launabætur	9.700.000	0	9.700.000
Millifærslur milli fjárlagaliða	21.407.078	0	21.407.078
Fjárveiting ársins	294.207.078	5.000.000	299.207.078
Staða fjárveitinga fyrri ára í lok árs 2022, (umframráðstafað)	(35.585.612)	(13.021.416)	(48.607.028)
Fjárveiting til ráðstöfunar á árinu	258.621.466	(8.021.416)	250.600.050
Ráðstöfun ársins að frádregnum sértekjum	(353.193.524)	(4.186.760)	(357.380.284)
Staða fjárveitinga í lok árs 2023	(94.572.058)	(12.208.176)	(106.780.234)

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilalaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru skv. kostnaðarverðsreglu og eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstremi sem er á greiðslugrunni.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilalaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttakins endurgjalds.

Tekjur af sölu vörum eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggi atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur vegna skuldabréfaveignar eru tekjufærðar miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu og vaxtatekjur krafna eru tekjufærðar eins og þær falla til nema vafi leiki á um innheimtu þeirra. Vaxtatekjur af almennum bankainnistæðum færast hjá ríkissjóði.

Vaxtagjöld færast til gjalda þegar þau falla til.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreknuð yfir í ISK á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í yfirlit um afkomu sem og áfallinn gengismunur á eignir og skuldir í lok ársins.

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggi kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður	3-10 ár
Farartæki og vélar	14 ár
Aðrar eignir	óafskrifad

Skýringar

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir, frh.

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söludegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað að hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsrekning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningsskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- leiguskuldbinding: óuppsegjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppsegjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar.

Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

Skýringar

	2023	2022		
2 Tekjufærsla fjárveitinga				
Fjárveiting ársins	294.207.078	354.540.000		
Tekjufærsla frestaðra tekna	7.706.219	7.035.528		
	301.913.297	361.575.528		
Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:				
	Rekstur	Rekstrar-tilfærslur	Fjármagns-tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádegnum rekstrartekjum skv. fjárlögum	263.100.000	0	0	263.100.000
Launabætur	9.700.000	0	0	9.700.000
Millifærslur milli fjárlagaliða	21.407.078	0	0	21.407.078
Fjárveiting til tekna	294.207.078	0	0	294.207.078
Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádegnum sértekjum .	(353.193.524)	0	0	(353.193.524)
Staða fjárveitinga ársins í lok árs	(58.986.446)	0	0	(58.986.446)
	2023	2022		
3 Seld þjónusta				
Sérfræðiþjónusta	30.000	75.000		
Innritunargjöld	8.200.500	3.396.000		
Vörusala I	734.100	707.570		
Ýmsar þjónustutekjur	0	50.000		
Mötuneyti	2.649.976	5.001.904		
Fræðslustarfsemi og fundir	242.500	0		
	11.857.076	9.230.474		
4 Framlög og ýmsar tekjur				
Leigutekjur	927.443	2.013.808		
Framlög frá ríkisaðilum í A-hluta	3.478.588	0		
Framlög frá öðrum en ríkissjóði og gjafir	6.706.237	2.009.232		
Ýmsar tekjur	91.250	51.000		
	11.203.518	4.074.040		
5 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður				
Laun	242.116.009	238.793.442		
Orlof, breyting	11.077.295	669.019		
Launatengd gjöld	54.665.254	53.853.839		
Starfsmannakostnaður	640.000	292.385		
	308.498.558	293.608.685		
Meðalfjöldi stöðugilda	25,8	27,6		

Skýringar

	2023	2022
6 Annar rekstrarkostnaður		
Bækur, ritföng, filmur o.fl.	356.918	692.515
Byggingarvörur, almennar	34.500	38.252
Tæki og búnaður til innréttингa	236.835	8.245
Ýmis tæki og áhöld	916.898	316.309
Varahlutir og viðhaldsvörur	0	20.373
Orkugjafar	1.164.894	1.561.057
Matvæli	1.783.228	1.528.613
Almennar rekstrarvörur	554.901	373.393
Vörukaup, almenn	<u>5.048.174</u>	<u>4.538.757</u>
Kennslu- og föndurvörur	149.373	313.170
Ýmsar sérgreindar vörur	0	3.700
Vörukaup, ségreind	<u>149.373</u>	<u>316.870</u>
Fundir, námskeið, risna	406.670	546.888
Ferðir, uppihald	8.534.514	5.063.411
Akstur	5.272.013	4.171.950
Sérfræðipjónusta	15.308.830	16.945.617
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugiöld	167.905	180.384
Auglýsingar og kynningarstarfsemi	396.697	293.813
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta	675.780	351.945
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðipjónusta	<u>30.762.409</u>	<u>27.554.008</u>
Samningsbundin kaup og leiga	519.556	339.011
Afnotagjöld	4.978.795	3.499.828
Leigugjöld	2.516.396	5.932.238
Verkkaup	746.608	229.119
Kostnaðarhlutdeild	20.778.368	18.311.519
Opinber gjöld	110.250	105.000
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	<u>29.649.973</u>	<u>28.416.715</u>
Vörukaup	<u>2.822.455</u>	<u>3.383.622</u>
Vörur til endursölu og birgðabreyting	<u>2.822.455</u>	<u>3.383.622</u>
Hlutdeild annarra í kostnaði	(676.978)	0
Annar rekstrarkostnaður samtals	<u>67.755.406</u>	<u>64.209.972</u>
7 Afskriftir		
Áhöld, tæki og búnaður	7.702.892	7.034.142
Farartæki og vélar	3.327	1.386
	<u>7.706.219</u>	<u>7.035.528</u>

Skýringar

31.12.2023 31.12.2022

8 Handbært fé

Tékkareikningar	2.684.007	17.025.962
	<u>2.684.007</u>	<u>17.025.962</u>

Stofnunin hefur tekið til vörlu fjármuni fyrir þriðja aðila að fjárhæð kr. 28,9 milljónir sem varðveitt er á bankareikningum á nafni stofnunarinnar en telst ekki til eigna í efnahagsreikningi.

31.12.2023 31.12.2022

9 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

Skuldur við tengda aðila:

Viðskiptareikningur við ríkissjóð	89.148.456	55.252.288
Viðskiptareikningur við aðra ríkisaðila.	402.117	254.495
	<u>89.550.573</u>	<u>55.506.783</u>

10 Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

Áhöld, tæki og búnaður	23.473.136	26.989.268
Farartæki og vélar	45.182	48.509
Aðrar eignir	90.000	90.000
	<u>23.608.318</u>	<u>27.127.777</u>

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2023:

	Áhöld, tæki og búnaður	Farartæki og vélar	Aðrar eignir	Samtals
Staða 01.01.2023	61.650.175	49.895	90.000	61.790.070
Viðbætur á árinu	4.186.760	0	0	4.186.760
	<u>65.836.935</u>	<u>49.895</u>	<u>90.000</u>	<u>65.976.830</u>
Afskriftir 01.01.2023	34.660.907	1.386	0	34.662.293
Afskrift ársins	7.702.892	3.327	0	7.706.219
	<u>42.363.799</u>	<u>4.713</u>	<u>0</u>	<u>42.368.512</u>
Staða 31.12.2023	<u>23.473.136</u>	<u>45.182</u>	<u>90.000</u>	<u>23.608.318</u>

31.12.2023 31.12.2022

11 Ýmsar skammtímaskuldir

Ógreitt orlof	17.096.354	6.019.059
	<u>17.096.354</u>	<u>6.019.059</u>

Skýringar

12 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	31.12.2023	31.12.2022
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga	23.608.318	27.127.777
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga (Umframráðstafað)	<u>(12.208.176)</u>	<u>(13.021.416)</u>
	11.400.142	14.106.361
	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga- fjárveiting
Staða 01.01.2023	27.127.777	(13.021.416)
Fjárfestingarfjárveiting ársins	0	5.000.000
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	4.186.760	(4.186.760)
Tekjufærsla frestaðra tekna	<u>(7.706.219)</u>	0
	23.608.318	<u>(12.208.176)</u>
	Samtals frestaðar tekjur	
	14.106.361	
	5.000.000	5.000.000
	0	0
	(7.706.219)	(7.706.219)
	11.400.142	11.400.142

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2023 munu kr. 7,5 milljónir koma til tekna á árinu 2024.

13 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

	31.12.2023	31.12.2022
Hrein eign		
Jöfnuður 1.1.	(35.585.612)	(45.473.848)
Afkoma ársins	<u>(58.986.446)</u>	9.888.236
Jöfnuður 31.12.	<u>(94.572.058)</u>	(35.585.612)

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirlæsingar eiginfjárlag yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisrekningi.

14 Aðrar upplýsingar

Skuldbindandi samningar

Stofnunin hefur gert skuldbindandi samning um húsnæði vegna leigu á íþróttasal og ýmsa rekstrar- og þjónustusamninga. Greiðslur vegna húsaleigu nema kr. 0,8 milljónum og árlegar greiðslur vegna rekstrar- og þjónustusamninga nema kr. 28,5 milljónum.

Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum í árslok 2023.

Veittar ábyrgðir

Ekki hefur verið gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

Óafturkallanleg loforð

Ekki hafa verið veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur.

Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.